

26/04/2010 Sáttargerð vegna brots gegn 12. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

Þann 8. mars 2010 gerðu Fjármálaeftirlitið og Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) með sér sátt vegna brots félagsins gegn 12. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

Samkvæmt nefndu ákvæði skal váttryggingastarfsemi og hliðarstarfsemi skv. 11. gr. rekin í samræmi við góða viðskiptahætti og venjur í váttryggingaviðskiptum og með hag váttryggingataka og váttryggðra fyrir augum. Gróf eða ítrekuð brot gegn ákvæðinu varða stjórnvaldssektum skv. 2. mgr. 99. gr. laganna.

Á tímabilinu frá 22. september til 22. október 2009 gátu váttryggingartakar skv. 4. mgr. 86. gr. laga um váttryggingastarfsemi sagt upp váttryggingasamningi sínum vegna flutnings váttryggingastofna Sjóvár Almennra trygginga hf. til SA trygginga hf. (Síðar breytt í Sjóvá-Almennar tryggingar hf.).

Fjármálaeftirlitinu bárust upplýsingar um að á nefndu tímabili hefði félagið, í a.m.k. einu tilviki, dregið afgangi úr uppsagnar í tæpar tvær vikur. Fyrir lá að aðilinn sem sagði upp váttryggingasamningi sínum hefði þegar gert váttryggingasamning við annað váttryggingafélag.

Fjármálaeftirlitið taldi drátt á afgangi úr uppsagnarinnar stríða gegn markmiði 4. mgr. 86. gr. laganna og skýrum rétti váttryggingartaka samkvæmt ákvæðinu. Jafnframt taldi Fjármálaeftirlitið háttsemi félagsins til þess fallna að valda vafa um réttarstöðu váttryggingartaka ef til tjóns hefði komið á tímabilinu. Þar af leiðandi hefði verið brotið gegn góðum viðskiptaháttum og venjum í váttryggingaviðskiptum, sbr. 12. gr. fyrrnefndra laga.

Að teknu tilliti til umfangs og alvarleika málsins og með vísan til 1. mgr. 99. gr. a. laga um váttryggingastarfsemi og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 1.000.000.